



2010

Þjóðarspegilinn

Konur og karlar í fjölmiðlum

Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun

Eygló Árnadóttir
Valgerður Anna Jóhannsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Konur og karlar í fjölmiðlum

Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun

Eygló Árnadóttir
Valgerður Anna Jóhannsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

Fjölmiðlar gegna afar mikilvægu hlutverki í nútímasamfélagi og eru oft nefndir fjórða valdið. Mikilvægi fjölmiðla er ekki síst á sviði jafnréttismála. Kynjaskekkja í fjölmiðlum er vel þekkt, sem og þáttur þeirra í að skapa ímyndir af körlum og konum. Í framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna um málefni kvenna, sem samþykkt var í Peking 1995, er sérstakur kafli um konur og fjölmiðla. Þar er kveðið á um mikilvægi jafnrar þátttöku kynjanna í fjölmiðlum; að sjónarmiðum kvenna sé gætt jafn vel og karla, og að raunhæf mynd sé gefin af konum í fjölmiðlum (The United Nations Department of Public Information, 1995). Í framhaldi af Pekingráðstefnunni var fyrstu fjölmiðlavöktuninni á vegum samtakanna *Global Media Monitoring Project (GMMP)* hleypt af stokkunum, en hún felst í að fylgjast með kynjahlutföllum og birtingarmyndum kynja í fréttamiðlum heims samtímis einn tiltekinn dag. Vöktunin fór fyrst fram árið 1995 og hefur síðan verið gerð á fimm ára fresti. Nú síðast tóku höndum saman kvennasamtök, samtök fjölmiðlafólks og háskólar frá 108 löndum, þar á meðal Íslandi, og vöktuðu alla helstu fréttamiðla í hverju landi fyrir sig þann 10. nóvember 2009. Alþjóðlegu niðurstöðurnar voru kynntar í september 2010 en í þessari grein verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðunum fyrir Ísland. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland tekur fullan þátt í GMMP verkefninu. Nemendur í fjölmiðlafræði kóðuðu fréttir í verkefninu árið 2000, en ekki var unnið úr þeim upplýsingum og gögn um niðurstöðurnar ekki til. Nýjustu niðurstöðurnar hvað Ísland varðar er því ekki hægt að bera saman við fyrri GMMP rannsóknir, en nokkrar afmarkaðri rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi á hlut kynjanna í fjölmiðlum.

Konur og karlar í fjölmiðlum

Niðurstöður GMMP 2005 (Gallagher, 2005) sýndu að hlutfall kvenna sem fjallað var um í fréttum var 21%, eða ein kona á móti hverjum fimm körlum. Íslenskar rannsóknir á fjölmiðlum hníga í sömu átt. Fyrstu rannsóknirnar hérlendis voru gerðar af dr. Sigrúnu Stefánsdóttur fjölmiðlafræðingi á árunum 1966 til 1986. Niðurstöður hennar sýndu að fyrstu fimm ár fréttastofu Ríkissjónvarpsins var ekki talað við neinar konur í fréttum, en upp úr 1971 hófu þær að birtast á skjánum. Árið 1986 voru konur 13% viðmælenda (Hildur Jónsdóttir, 1990). Eftir þetta hefur þróunin verið hæg. Í framhaldi af Pekingáætlun SP frá 1995 og með vísan í framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna 1998-2001 var árið 1998 skipuð nefnd af menntamálaráðuneytinu og skrifstofu jafnréttismála. Nefndin gerði innihaldsgreiningu á fjölmiðlaefni sem sýndi að hlutur kvenna var alls 32% á móti um 68% hlut karla, sem reyndist sambærilegt við evrópskar rannsóknir. Hlutur kvenna í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna var enn minni eða 27% á móti 73% hlut karla (Nefnd um konur og fjölmiðla, 2001).

Árið 2005 var aftur gerð könnun á kynjahlutföllum og birtingarmyndum kynja í fjölmiðlum fyrir tilstilli menntamálaráðuneytisins og reyndust hlutföllin lítið hafa

breyst frá 1999. Um 19% viðmælanda fréttu Stöðvar 2 voru konur og 25% viðmælanda Ríkissjónvarpsins (Margrét Valdimarsdóttir, 2005). Árið 2005 greindu Kristín Loftsdóttir og Helga Þórey Björnsdóttir (2005) myndefni á forsíðu Fréttablaðsins og leiddi könnunin í ljós að 139 af 199 myndum, eða 70%, voru af körlum. Einnig má nefna nýlega rannsókn á kynjahlutföllum í fréttavefmiðlunum mbl.is og visir.is sem sýndi að konur voru umfjöllunarefni í 22,5% tilvika, en karlar í 77,5% tilvika. Algengast var að konur fengu umfjöllun í efnisflokknum „slúður“ (Kristín Ása Einarsdóttir, 2008). Í rannsókn sem gerð var á fréttum fjölmiðla um fjármálafyrirtæki í aðdraganda bankahrunsins fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis kom í ljós að karlar voru 97% viðmælanda en konur 3% (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010). Loks má nefna að rannsókn sem gerð var á umfjöllun fjölmiðla um stjórnmalafólk fyrir alþingiskosningarnar 2009 sýndi að stjórnmalakarlar fengu meiri umfjöllun en fjöldi þeirra á framboðslistum gaf tilefni til og stjórnmalakonur fengu á sama hátt minni umfjöllun (Anna Lilja Þórisdóttir, 2010). Fræðafólk hefur varpað fram þeirri spurningu hvort þolmörkum fjölmiðla fyrir konum sé náð þegar þær eru orðnar um 20-25% viðmælanda eða fréttæfnis (Eide, 2001).

Þær rannsóknir sem að framan getur snúast einkum um kynjahlutföll, þ.e. hver hlutur kvenna sé miðað við hlut karla. Annar mikilvægur hluti er birtingarmynd kvenna í fjölmiðlum. Rannsóknir Sigrúnar Stefánsdóttur frá 7. til 9. áratugs síðustu aldar sýndu að konur voru útilokaðar frá umfjöllun í vissum málaflokkum á borð við orkumál, fiskveiðar, iðnað, fjármál, tækni- og utanríkismál (Hildur Jónsdóttir, 1990). Allar seinni rannsóknir hafa staðfest þetta. Í rannsókn menntamálaráðuneytisins reyndist mikil kynjaskökkja í þeirri mynd sem dregin var upp af kynjunum og skipti þá engu hvort um var að ræða dagur- og skemmtiefni, fréttir og fréttatengt efni eða auglýsingar (Auður Magnús Leiknisdóttir, 2005; Elsa María Jakobsdóttir, 2005; Margrét Valdimarsdóttir, 2005). Við greiningu á auglýsingum kom t.d. í ljós að konur voru gjarnan í hlutverki fyrirsæta (85% tilvika) meðan karlar voru í hlutverki þula (84%) (Auður Magnús Leiknisdóttir, 2005). Rannsókn sem gerð var á fjölmiðlaumfjöllun um íþróttafólk árið 2005 sýndi að miklu algengara er að umfjöllun um konur sé smættandi eða með kynferðislega undirtóna en umfjöllun um karla (Center for Gender Equality, 2005).

Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á stjórnmalafólki sýna að konur og karlar eiga ekki sama aðgengi að fjölmiðlum og fá þar ólíka umfjöllun. Fréttamatið hefur kynbundin formerki og rannsóknir benda til að fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmalakonur snúist í talsverðum mæli um kyn þeirra og útlit (Byerly og Ross, 2006). Þótt orðræða samfélagsins geri ráð fyrir að kyn skipti ekki máli er kyn kvenna oft gert að aðalatriði í umfjöllun um þær og vísað í kynið sem eins konar tegundareinkenni. Fréttamatið er kynbundið og dæmi eru um að smættandi hugtök séu notuð um útlit og klæðaburð kvenna, einkum kvenna í stjórnmalum (Þorgerður Einarsdóttir, 2005; Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, 2009).


Framkvæmd rannsóknarinnar

Fjölmiðlavöktun GMMP er ein umfangsmesta og langlífasta rannsókn á hlut kynjanna í fréttum sem gerð hefur verið. Að þessu sinni tóku 108 lönd þátt og voru fréttamiðlar vaktaðir þann 10. nóvember 2009. Fréttirnar voru kóðaðar eftir samræmdum reglum og nákvæmum leiðbeiningum GMMP. Upplýsingar um þær og aðferðafræðina að baki er að finna á heimasíðu verkefnisins www.whomakesthenews.org. Umsjónarkonur verkefnisins eru Valgerður A. Jóhannsdóttir, MA, adjúntk í blaða- og fréttamennsku við HÍ og Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við HÍ. Auk þeirra tóku þátt í vöktuninni átta fyrrum og núverandi nemendur í kynjafræði og blaða- og fréttamennsku við HÍ. Greindar voru fréttir í öllum helstu fréttamiðlum landsins; Fréttar

blaðinu, Morgunblaðinu, Stöð 2, Bylgjunni (kl. 12:00), Ríkisútvarpinu (sjónvarpsfréttir kl. 19:00 og 22:00 og útvarpsfréttir kl. 8:00, 12:20 og 18:00) og á Skjá 1 (kl. 18:50) sem þá var í samstarfi við Morgunblaðið um sjónvarpsfréttir. DV kom ekki út þennan dag. Kóðaðar voru samtals 137 fréttir, 110 í ljósvakamiðlunum og 27 í prentmiðlum. Í ljósvakamiðlum voru kóðaðar allar fréttir í fréttatímanum, en í dagblöðum 13-14 fréttir á fremstu fréttasíðum. Vefmiðlar voru einnig vaktadír en ekki verður gerð grein fyrir þeim niðurstöðum hér. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum. Í fyrri hlutanum verður fjallað um *blutfall* kynja í fréttum og það sett í evrópskt og norrænt samhengi. Í síðari hlutanum verður hins vegar rýnt í *hvernig* myndir eru dregnar upp af konum og körlum í fréttum. Þar er byggt nánar á efni úr Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 10. nóvember og DV 11. nóvember, en þessi greining er til viðbótar samræmdri gagnöflun GMMP.

Fólkið í fréttunum


Fólkið í fréttunum er fyrst og fremst karlar, hvort heldur fólkið sem fréttirnar fjalla um eða fólkið sem býr til og flytur fréttirnar. Á Íslandi var hlutfall kvenna í þessum báðum hópum samanlagt 27%. Það er ívið hærra en hlutfallið í löndunum 108 sem könnunin náði til sem var að jafnaði 24%. Á mynd 1 má sjá hvernig Ísland er í samanburði við önnur norræn ríki, en þar eru hóparnir tveir aðgreindir. Þegar skoðaðar eru fréttir þar sem fjallað er um eða rætt við konur er hlutfallið hæst í Noregi eða 33% og lægst á Íslandi eða 28%. Þessi könnun er ekki alveg sambærileg við könnun menntamálaráðuneytisins frá 2005 en gæti bent til að hlutfall kvenna hafi þokast upp á við. Það er þó enn undir 30% markinu. Konur virðast vera hlutfallslega mun færri í hópi fréttamanna hér á landi en í könnun GMMP. Í heild voru 37% fréttanna skrifaðar eða fluttar af konum en 67% af körlum. Þriðjungur (33%) íslensku fréttanna var skrifaðar eða fluttar af konum og rétt rúmur helmingur fréttanna í Svíþjóð. Hlutfallið er 40% í Finnlandi en 30% í Noregi og Danmörku.



Mynd 1. Hlutfall kvenna í fréttum á Norðurlöndum 2009


Viðmælendur og umfjöllunarefni fréttá

Niðurstöður GMMP til þessa hafa sýnt að þeir sem rætt er við eða fjallað um í svokölluðum „hörðum“ fréttum á borð við pólitík, efnahagsmál og afbrot eru oftast karlar (Gallagher, 2005). Niðurstöðurnar hvað það varðar eru ekki ótvíræðar fyrir Ísland. Eins og sjá má á mynd 2 eru konur viðmælendur eða umfjöllunarefni í 15-38% fréttá eftir því hvaða fréttaflokkur á í hlut. Hæst er hlutfall kvenna í félagsmálum. Þær eru viðmælendur eða umfjöllunarefni í 29% fréttá um stjórnsmál, eða svipað og almennt í fréttunum. Þetta er hærra hlutfall en í Evrópu að jafnaði, þar sem konur eru viðmælendur eða umfjöllunarefni í 21% fréttá um pólitík. Athygli vekur að konur eru viðmælendur eða fréttáefni í 33% fréttá um afbrot og ofbeldi, sem gjarnan eru talin „hörð“ mál, en í Evrópu er þetta hlutfall 28%. Þá eru konur viðmælendur eða fréttáefni í einungis 15% fréttá um vísindi og heilsu, en hlutfallið í Evrópu er 36%. Í þessum flokki má m.a. finna fréttir um lyf, heilsu, forvarnir, getnaðarvarnir og fleiri málaflokka þar sem konur hafa gjarnan verið hlutfallslega fjölmennar. Þessar fréttir eru hins vegar fáar og varasamt að draga miklar ályktanir út frá þeim og sama gildir um fréttir í floknum félagsmál.



Mynd 2. Hlutfall kvenna og karla sem viðmælendur og umfjöllunarefni eftir fréttaflokkum

Almennt voru efnahagsmál lang fyrirferðarmesti fréttaflokkurinn í öllum fjölmiðlum hér á landi. Rúmur þriðjungur (34%) allra fréttá féllu í þann flokk. Það kemur ekki á óvart í ljósi þess að stjórnvöld, atvinnulífið, fólk og fyrirtæki glíma öll við afleiðingar bankahrunsins og fréttir því tengdar margar. Ísland sker sig úr í evrópskum samanburði þar sem fréttir af pólitík eru alla jafna flestar. Konur koma aðeins sjaldnar við sögu í efnahagsfréttum en ætla mætti út frá heildarfjölda þeirra í íslenskum fréttum almennt, eða 23% en það er svipað og meðaltalið í þessum flokki fyrir Evrópu sem er 22%.




Mynd 3. Hlutfall fréttaflokka eftir kyni þeirra sem fjallað er um eða rætt við

Þegar dreifing fréttanna er skoðuð innan hvors kyns (mynd 3) sést að 12% allra fréttar þar sem konur eru viðmælendur eða umfjöllunarefni eru um pólitík, eða sama hlutfall og hjá körlum. Konur virðast síður rata í fréttir af efnahagsmálum en 31% fréttar með konur sem viðmælendur eða umfjöllunarefni eru um efnahagsmál, á móti 38% fréttar um karla. Konur ná hins vegar í ríkara mæli í fréttir af afbrotum og ofbeldi en karlar, eða 29% á móti 23%. Að efnahagsmálum undanteknum benda þessar niðurstöður þannig ekki til þess að síður sé fjallað um eða talað við konur í svokölluðum „hörðum“ fréttamálum, öfugt við það sem fyrri rannsóknir hafa bent til (Gallagher, 2005). Hins vegar verður að hafa þann fyrirvara á að fréttaflokkarnir hér eru grófir og önnur kynjaskipting gæti komið í ljós ef þetta væri sundurgreint nánar. Það er þó ekki gerlegt í þessari rannsókn því fréttirnar í undirflokkunum eru of fáar til að hægt sé að álykta mikið út frá þeim. En þótt kynjaskiptingin sé ekki skýr í fréttaflokkum virðist hún nokkuð greinileg þegar kemur að stöðu þeirra sem fjallað er um eða rætt við í fréttum. Viðmælendur og umfjöllunarefni fréttamanna koma oftast úr stjórnsmálum (27%), og atvinnu- og viðskiptalífi (18%). Konur eru 38% en karlar 62% stjórnsmálanna sem fjallað er um eða rætt við. Í hópi viðmælenda og umfjöllunarefna í viðskipta- og atvinnulífi blasir við önnur mynd. Þar eru konur 10% en karlar 90% (ekki sýnt í mynd eða töflu).

Fréttafólkið

Fréttakonur eru mun færri en fréttakarlar eins og fram kom hér að ofan. Fyrri rannsóknir GMMP (Gallagher, 2005) benda til þess að fréttakonur fjalli síður en karlar um svokölluð „hörð“, fréttamál eins og pólitík, efnahagsmál og afbrot. Við fyrstu sýn virðist þessi skipting ekki mikil í fjölmiðlum hér á landi samkvæmt mælingu GMMP. Konur flytja fjórar af hverjum tíu fréttum um efnahagsmál þótt þær séu í heild mun færri en karlarnir. Mynd 4 sýnir hvernig fréttir kvenna og karla dreifast á fréttaflokkana. Rúmur helmingur allra fréttar sem konur flytja snúast um efnahagsmál en þær eru rúmlega þriðjungur allra fréttar sem karlar flytja. Ekki mælist kynjamunur þegar fréttir um félagsmál og afbrot eru annars vegar. Fréttakonur flytja hins vegar

hlutfallslega færri fréttir um stjórnmál en fréttakarlar og hlutfallslega fleiri um vísindi og heilsu, en þær fréttir eru fáar. Hins vegar verður að hafa þann fyrirvara á að fréttaflokkarnir hér eru grófir og önnur kynjaskipting gæti komið í ljós ef þetta væri sundurgreint nánar.



Mynd 4. Hlutfall fréttaflokka eftir kyni fréttafólks

Fréttakonur eru ólíklegri en fréttakarlar til að flytja fréttir um íþróttir, listir, frægt fólk og fjölmiðla. Það kemur ekki á óvart í ljósi þess að langflestar fréttirnar í þessum fréttaflokki eru um íþróttir og karlar hafa lengi nær einokað þann vettvang í fréttamennsku. Fréttakonur eru ekki líklegri en fréttakarlar til að tala við eða fjalla um konur samkvæmt niðurstöðum okkar. Konur voru viðmælendur eða umfjöllunarefni í 23% fréttu sem fréttakonur fluttu og 22% fréttu sem karlar fluttu. Það eru svipaðar niðurstöður og á hinum Norðurlöndunum, nema í Noregi þar sem fréttakarlar töluðu hlutfallslega oftast við konur en starfssystur þeirra gerðu, en í Danmörku eru fréttakonur mun líklegri til að tala við eða fjalla um konur, en starfsbræður þeirra.

Að segja meira en hálf söguna

Tölurnar hér að framan gefa sem slíkar góða mynd af stöðunni en segja þó bara hálf söguna. Í GMMP er fréttum skipt niður í sjö grófa fréttaflokka svo líkur eru á að önnur kynjaskipting komi í ljós ef þetta er sundurgreint nánar. Dæmi um það er fréttaflokkurinn íþróttir, listir, frægt fólk og fjölmiðlar, sem er þriðji stærsti flokkurinn í íslenska hlutanum. Þar eru hlutfall kvenna sem viðmælenda og umfjöllunarefnis 30% á móti 70% karla, eins og sést á mynd 2 hér að framan, en 12% allra fréttu um konur falla í þennan flokk og 11% fréttu um karla. Út frá þessu væri því hægt að álykta að umfjöllun um konur og karla sé hlutfallslega jöfn í þessum fréttaflokki. En sé kafað dýpra fæst önnur mynd. Annars vegar með því að aðgreina íþróttifréttir og afþreyingarfréttir, og hins vegar með því að skoða birtingarmyndir kynjanna í þessum fréttaflokkum. Sem áður segir voru eingöngu 13-14 fréttir á fremstu fréttasíðum dagblaðanna kóðaðar í rannsókninni. Í rannsókninni voru því hvorki íþróttasíðurnar skoðaðar sérstaklega, né slúðurfréttirnar sem eru gjarnan aftast í blöðunum. Um-

fjöllunin hér á eftir byggist á íslenskum viðbótargögnum um þessa tvo flokka sem ekki eru hluti af samræmdri gagnaöflun GMMP.

Í Morgunblaðinu þann 10. nóvember er að finna 29 misveigamiklar fréttir úr íþróttahéminum (listar um úrslit leikja undanskildir). Í fimm af þessum fréttum er á einhvern hátt fjallað um kvennaíþróttir. Af 24 manneskjum sem birtast á mynd er ein kona, sem að vísu er ofarlega á forsíðu íþróttablaðsins. Í Fréttablaðinu eru fimm íþróttafréttir, ein af þeim fjallar um konu. Þrjár karlar og ein kona sjást á ljósmynd, og eru þrjár konur nafngreindar á móti tólf körlum. Fyrir utan að almennt fjalla fáar íþróttafréttir um konur, er kynjahlutfallið innan hvernar fréttar einnig mjög ójafnt. Sem dæmi má nefna að í frétt Morgunblaðsins um væntanlega baráttu kvennaliðs í handknattleik er einungis karlkyns þjálfarinn nafngreindur. Á hinn bóginn eru allir leikmenn liðs nafngreindir í fréttum um komandi keppnir karlaliða í körfubolta og knattspyrnu. Af nafngreindum viðmælendum í íþrótaumfjöllun reynast konurnar níu á móti 100 körlum. Kynjavítund virðist almennt lítil í þessum fréttum og því vekur athygli að í frétt um atvinnumót kvenna í golfi er tilgreint sérstaklega að sigurvegarinn hafi fengið í verðlaun 1/6 af vinningsupphæð karlkyns sigurvegara á heimsmótinu.

Hlutfall kynjanna í fréttum um listir, fræga fólkið og annað í þeim dúr er mun jafnara en í íþróttafréttunum. Einnig þar er þó tilhneiging til að nafngreina karla oftar en konur. Í Morgunblaðinu 10. nóvember eru 18 slíkar fréttir og er fjallað um konur í 14 þeirra, þar af er kona miðpunktur sjö fréttanna en karlar átta fréttanna. Ljósmyndir sýna nánast jafnt kynjahlutfall, eða 15 karla og 14 konur (tvær hópmyndir undanskildar). Á öftustu síðum Fréttablaðsins eru 15 afþreyingarfréttir, og nefna sjö þeirra konur. Fréttir þar sem kona er miðpunktur umfjöllunarinnar eru sex talsins, jafnmargar fréttum þar sem karl er miðpunktur. Af fólki í mynd eru tólf karlar á móti sjö konum. Þótt fjöldi fréttanna sem fjallar aðallega um konu/r annars vegar og karl/a hins vegar sé jafn, virðist vera tilhneiging til að minnst á fleiri karla í hverri frétt. Í afþreyingarfréttum Morgunblaðsins er 31 kona nafngreind en 55 karlar, og eru 30 karlar nafngreindir í Fréttablaðinu á móti 17 konum.

Birtingarmyndir kynjanna

Þegar skyggst er nánar á bak við tölurnar hér að framan kemur í ljós að umfjöllun um kynin er mismunandi. Hátt hlutfall kvenna í fréttum væri vart í jafnréttisátt ef sú umfjöllun fylgdi úreltum staðalmyndum um konur. Þannig má til dæmis skoða muninn á íþróttasíðu og slúðursíðum í DV þann 11. nóvember. Sem fyrr segir ráða karlar ríkjum í íþróttafréttunum meðan rannsóknir hafa sýnt að konur eru algengt umfjöllunarefni í fréttum af frægu fólki (Gallagher, 2005; Kristín Ása Einarsdóttir, 2008). Eðli málsins samkvæmt er í íþróttafréttunum fjallað um íþróttaleiki, sigra og tap, samninga og aðra þætti íþróttahéimsins. Fréttamyndirnar sýna í flestum tilvikum íþróttafólk við iðju sína.

Annað er uppi á teningnum ef lítið er á umfjöllun um fræga fólkið. Í DV má til dæmis finna fjórar slíkar fréttir, allar um heimsþekktar konur úr heimi kvikmynda og tónlistar. Fréttirnar fjalla þó minnst um frammistöðu þessara kvenna í starfi og meira um atriði á borð við útlit þeirra, kynbundið ofbeldi og þess háttar. Við hverja af þessum örstuttu fréttum fylgja tvær til fimm ljósmyndir sem taka meira prentpláss en textinn sjálfur. Myndirnar eru fæstar af konunum í starfi, heldur sýna þær „uppstrílaðar“ að stilla sér upp fyrir ljósmyndara í tiskuljósmyndatöku eða á rauða dreglinum. Eina myndaserían sem er af leikkonu í kvikmyndahlutverki sínu er úr nektarsenu. Í þeirri frétt er fjallað um kvikmynd þar sem leikkonan Jessica Alba leikur vændiskonu og einblínt á kynlífsatriði sem sagt er „nokkuð klúrt“, nánar tiltekið þegar karlhetja myndarinnar flengir hana með belti sínu. Fyrirsögn fréttarinnar er: „Flengd á beran bossann“ og er vísað til hennar á forsíðu. Fjórar ljósmyndir frá umræddu kvikmynda-

atriði fylgja fréttinni (sjá mynd 5), þar af ein sem sýnir nakinn afturenda leikkonunnar í nærmynd.



Mynd 5. Fréttamynd úr DV þann 10. Nóvember af leikkonunni Jessicu Alba

Önnur frétt fjallar um leikkonu að nafni Mo'Nique sem lék í myndinni *Precious*, sem í fréttinni er sögð líkleg til að hreppa Óskarsverðlaun. Fyrirsögn fréttarinnar er hins vegar: „Var sjálf misnotuð“ sem vísar til þess að leikkonan var sem barn beitt kynferðislegu ofbeldi, og segir hún þá reynslu hafa hjálpað sér við að túlka ofbeldisgeranda í myndinni. Í fréttinni er einnig tekið fram að söngkonan Mariah Carey leiki félagsráðgjafa í myndinni og þykir ástæða til að nefna að söngkonan sé mjög ólík sjálfri sér í hlutverkinu, þar sem hún er ómáluð og illa til höfð en þannig sjáist annars aldrei til hennar. Tvær ljósmyndir sýna tvær leikkonur myndarinnar á rauða dreglinum.



Mynd 6. Fréttamynd úr DV þann 10. nóvember af leikkonunni Demi Moore

Þá er frétt um söngkonuna Rihönnu. Hún varð fyrir líkamsárás af hendi unnusta síns, og fjallar fréttin um verðlaun sem glanstímaritið Glamour veitti henni fyrir að vinna vel úr þeirri reynslu og vera öðrum konum til fyrirmyndar með að hvetja þær til að tala um slíka hluti fremur en leynd þeim. Ein ljósmynd er af Rihönnu á rauða dreglinum og önnur af henni að senda fingurkross til götuljósmyndara. Nýlegar tiskuljósmyndir af leikkonunni Demi Moore er umfjöllunarefni síðustu fréttarinnar. Fyrirsögnin er: „Unglingurinn Demi“ og segir fréttin að líklegt verði að teljast að átt hafi verið við myndirnar, vegna þess hve ungleg hin 46 ára gamla kona er á þeim. Leikkonan hafi þó ávallt harðneitað að hafa gengist undir fegrunaraðgerðir og segir aldurinn hafa mikil áhrif á þau hlutverk sem henni bjóðist þar sem þau góðu fari til sér yngri kvenna. Meðfylgjandi fréttinni eru tvær af tilteknum ljósmyndum af Demi (sjá mynd 6).

Þessi dæmi sýna að á bak við tölur um kynjahlutföll leynist umfjöllun um konur og karla sem er með ólíkum formerkjum. Jafnvel þegar töluleg hlutföll í fréttaflokkum eru svipuð getur inntak umfjöllunar verið með þeim hætti að staðalmyndum er viðhaldið.

Lokaorð

Í greininni er kynnt könnun GMMP frá 2009 og ljósi varpað á hlutfall og birtingarmynd kynjanna í fjölmiðlum. Á Íslandi eru konur í minnihluta í fjölmiðlum, eða 27%, þegar horft er samanlagt til þeirra sem starfa á fjölmiðlum og þeirra sem fjölmiðlar fjalla um eða ræða við. Umfjöllunin sýnir að kynin koma mismunandi oft við sögu í hinum ýmsu fréttaflokkum. Konur eru viðmælendur eða umfjöllunarefni í 15-38% fréttu eftir því hvaða fréttaflokkar eiga í hlut. Hæst er hlutfallið í fréttum af félagsmálum og lægst í fréttum um vísindi og heilsu. Þegar dreifing fréttanna er skoðuð innan hvors kyns sést nokkur kynjamunur. Karlar eru hlutfallslega oftast umfjöllunarefni eða viðmælendur í fréttum af efnahagsmálum, og vísindum og heilsu, en konur oftast í fréttum af félagsmálum og afbrotum. Að efnahagsmálum undanteknum benda niðurstöðurnar ekki til þess að síður sé fjallað um eða talað við konur í svokölluðum „hörðum“ fréttamálum. Sá fyrirvari er þó á niðurstöðunum að fréttaflokkarnir eru grófir og önnur kynjaskipting gæti leynst þar að baki.

Fréttakonur eru mun færri en fréttakarlar en við fyrstu sýn virðist ekki vera mikil kynjaskipting þannig að konur fjalli síður en karlar um svokölluð „hörð“ fréttamál eins og pólitík, efnahagsmál og afbrot. Þannig er rúmur helmingur allra fréttu sem konur flytja um efnahagsmál en þær eru rúmlega þriðjungur allra fréttu sem karlar flytja. Í skýrslu GMMP frá 2005 kemur fram að konur eru í „mýkri“ málum innan þessa málaflokks og því gæti slík kynjaskipting leynst á bak við þessar tölur. Fréttakonur eru ólíklegri en fréttakarlar til að flytja fréttir í flokknum íþróttir, listir, frægt fólk og fjölmiðlar. Fréttakonur eru ekki líklegri en fréttakarlar til að tala við eða fjalla um konur samkvæmt þessum niðurstöðum, en það er í samræmi við hin Norðurlöndin.

Í seinni hluta greinarinnar var skyggst á bak við tölurnar og inntak fréttu um konur og karla skoðað. Sú greining leiddi í ljós að jafnvel þótt hlutfall kynjanna í fréttaflokknum væri svipað, eins og í fréttaflokknum íþróttir, listir, frægt fólk og fjölmiðlar (11-12%), er innihald fréttanna um kynin mjög ólíkt. Karlar eru oftast umfjöllunarefni í íþróttafréttum en konurnar í fréttum um fræga fólk. Þá eru karlar oftast myndefni og oftast nafngreindir en konur í þessum fréttaflokki. Umfjöllun um konur í flokknum um fræga fólk er mjög kynjuð. Fréttirnar fjalla lítið um frammistöðu kvennanna í starfi heldur meira um útlit þeirra og aldur. Myndefnið er gjarnan líkamar þeirra og dæmi eru um mjög kynferðislegt yfirbragð. Umfjöllunin sýnir að tölur um kynjahlutföll segja ekki alla söguna. Jafnvel þegar töluleg hlutföll í fréttaflokkum eru svipuð getur inntak umfjöllunar verið með þeim hætti að staðalmyndum kynjanna er viðhaldið.

Með ójafnri umfjöllun um kynin og með því að skapa og viðhalda stöðluðum kynjaímyndum eiga fjölmiðlar sinn þátt í kynjaskekkju samfélagsins. Alþjóðasáttmálar eins og Pekingsáttmálinn leggja skyldur á herðar fjölmiðlum í jafnréttismálum. Vönduð fjölmiðlun krefst þess að fjölmiðlar axli þær skyldur og taki hlutverk sitt í jafnréttismálum alvarlega. Í því felst m.a. að taka tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða í öllu starfi.

Heimildir

- Anna Lilja Þórisdóttir. (2010). *Dáðleysi kvenna. Eða er öðru um að kenna? Stjórnmalakonur í fjölmiðlum fyrir Alþingiskosningarnar 2009*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Auður Magnús Leiknisdóttir. (2005). *Konur og karlar í auglýsingum: Athugun á þætti karla og kvenna í auglýsingum á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 9. september 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/-media/MRNpdf_reports/konurogkarlarauglysingum2005.pdf
- Byerly, C. M. og Ross, K. (2006). *Women and Media: A Critical Introduction*. Útgáfustaður: Blackwell.
- Jafnréttisstofa. (2005). *Sports, Media and Stereotypes. Men and Women in Sports and Media*. Akureyri: höfundur. Sótt 9. september 2010 af http://www.jafnretti.is/D10/_Files/sms_report_lokaloka.pdf
- Eide, E. (2001). „The twenty percent limit” for Women in News Media. *NIKK magasin*, 3, 26-29. Sótt 9. september 2010 af <http://www.nikk.uio.no/publikasjoner/nikkmagasin/magasin/mag20013.pdf>
- Elsa María Jakobsdóttir. (2005). *Karlar og konur í sjónvarpsþáttum: Athugun á birtingu kynjanna í sjónvarpsþáttum á RÚV, Stöð 2 og Skjá einum*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 9. september 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/-MRNpdf_reports/konurogkarlarsjonvarpsthattum2005.pdf
- Gallagher, M. (2005). *Who makes the news. Global Media Monitoring Project*. London: WACC. Sótt 9. september 2009 af http://whomakesthenews.org/images/stories/-website/gmmp_reports/2005/gmmp-report-en-2005.pdf
- Hildur Jónsdóttir. (1990). Hlutleysi fjölmiðla er blekking. *Fljóðafæð í fjölmiðlum. Vera*, 3, 20-23.
- Kristín Ása Einarisdóttir. (2008). *Íslenskir fréttavefmiðlar, kynjablutfall og birtingarmyndir kynjanna*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Kristín Loftsdóttir og Helga Þórey Björnsdóttir. (2005). Í fréttum er þetta helst: Myndræn orðræða fjölmiðla. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2005* (bls. 283-292). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Margrét Valdimarsdóttir. (2005). *Karlar og konur í íslensku sjónvarpi. Fréttir*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 9. september 2010 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_reports/konurogkarlarfrettir2005.pdf
- Nefnd um konur og fjölmiðla. (2001). *Alit og tillögur*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 9. september 2010 af <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjolmidla-2.pdf>
- Rannsóknarnefnd Alþingis. (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson. Reykjavík: Höfundur. Sótt 9. september 2010 af <http://rna.althingi.is/pdf/-RNABindi1.pdf>
- The United Nations Department of Public Information. (1995). *Platform for Action and The Beijing Declaration*. Höfundur.
- Þorgerður Einarisdóttir. (2005). „Ekki fegurðarsamkeppni eða stjörnuleit...” Kynbundnar hugmyndir um stjórnmaláþátttöku, forystu og leiðtogahæfni. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum VI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2005* (bls. 305-321). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarisdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). Kynjaskekkja í stjórnmálum. Breytingar og áhrifaþættir. *Stjórnmál og stjórnsýsla, vestímarit*, 1, 5-48. Sótt 9. september 2010 af http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/-fg2009v/the_glh.pdf